

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur ákveðið eftirfarandi gjöld fyrir þjónustu fráveitu:

Fráveituheimæðargjald, tengigjald við fráveitu í götu*.

<i>Dvermál lagnar DN</i>	<i>Heimæð** 0-10 metrar</i>	<i>Verð á metra umfram 10 m**</i>
Nýbyggingarsvæði 150 mm	296.853 kr.	32.984 kr.
Nýbyggingarsvæði 200 mm	345.436 kr.	38.383 kr.
Nýbyggingarsvæði 250 mm	397.454 kr.	44.161 kr.
Gróið svæði 150 mm	397.585 kr.	44.175 kr.
Gróið svæði 200 mm	454.770 kr.	50.530 kr.
Gróið svæði 250 mm	511.952 kr.	56.885 kr.
Regnvatnslögn eingöngu	353.408 kr.	39.267 kr.

* Miðast við þvermál lagnar og lögn frá lóðamörkum að stofnræsi, sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009.

** Innifalið er skálplögn og regnvatnslögn, efni og vinna.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu. Þegar leggja á skólplögn skal alltaf leggja regnvatnslögn með.

2. gr.

Fráveitugjald er lagt á fasteignir samanber 14. gr. laga nr. 9/2009 og nemur 0,129% af heildarfasteignamatí íbúðarhúsnæðis og 0,167% af öðru húsnæði. Gjald dagar fráveitugjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

Tengigjald er greitt fyrirfram.

3. gr.

Ef gera þarf sérstakar ráðstafanir vegna hæðar eða legu mannvirkis, svo og ef húsbyggjandi velur að óska eftir fleiri tengingum fellur tilfallandi viðbótarkostnaður vegna þessa á viðkomandi fasteign.

4. gr.

Ef viðkomandi lóðarhafi nýtir sér ekki þegar gerðar tengingar er heimilt að krefja hann um gjald fyrir aftengingu ónýtttra lagna sem nemur kostnaði við þá framkvæmd.

5. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 29. október 2018 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 12. desember 2018. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1273/2011.

F.h. bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar, 4. janúar 2019,

Sigríður Kristinsdóttir sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.